



FÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA

Alþingi

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími: 581 3011
Fax: 581 3208
Kennit.: 530169-5299

Erindi nr. Þ 120/1578

komudagur 17/4 1996

15. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v. Templarasund
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið eftir umsögn Félags járniðnaðarmanna um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfni. Stjórn félagsins hefur yfirfarið frumvarpið og samþykkt einróma eftirfarandi umsögn um frumvarpið

1. gr. Vinnustaðafélög

Með lagagreininni um stofnun vinnustaðafélaga sem hafa einkarétt á að gera kjarasamning er brotið upp skipulag verkalýðsfélaga og sambanda þeirra innan Alþýðusambands Íslands.

Í stórum dráttum er skipulagið þannig að verkalýðsfélög ná að minnsta kosti yfir eitt sveitarfélag og til starfsmanna í tiltekinni starfsgrein. Félag innan hversrar starfsgreinar mynda með sér landssamband sem er aðili f.h. félaganna að ASÍ.

Verkefni félaga og landsambands innan hversrar starfsgreinar ná til margra fleiri þátta en samninga um launakjör.

Svo dæmi sé tekið af Félagi járniðnaðarmanna, sem er í Samiðn - sambandi iðnfélaga, má nefna eftirtalin verkefni:

Félagsleg fræðsla um vinnulöggjöfina, samninga, réttindi og skyldur fyrir trúnaðarmenn og aðra félagsmenn.

Sjúkrasjóður félagsins styrkir félagsmenn þegar þeir missa laun vegna veikinda eða slysa, greiðir dánarbætur o.fl.

Orlofshús félagsins skapa félagsmönnum möguleika á að njóta orlofs á ódýran hátt.

Félagsmenn fá aðstoð við að ná fram rétti sínum samkvæmt samningum og lögum ef á þeim er brotið.

Upplýsingar til félagsmanna og fyrirtækja um laus störf og félagsmenn í atvinnuleit.

Ýmiss verkefni að atvinnumálum starfsgreinarinnar m.a. í samstarfi við stjórnvöld.

Menntunarmál í starfsgreininni, iðn- og starfsmenntun.

Símenntun er eitt af mikilvægustu verkefnum og þannig er Félag járniðnaðarmanna ásamt öðrum félögum í greininni aðili að Fræðsluráði málmiðnaðarins sem annast uppbyggingu á tækninámskeiðum. Hluti félagsgjalda rennur beint til þeirrar starfsemi og það veitir félagsmönnum síðan rétt til þátttöku í tækninámskeiðum.

Þannig eru það fjölmörg hagsmunamál sem verkalýðsfélög innan hversrar starfsgreinar vinna að og forsenda þess er auðvitað að starfsgreinaskipulagið sé ráðandi fyrirkomulag.

Vinnustaðafélög sem í er fólk úr mörgum ólíkum starfsgreinum geta ekki uppbyggingarinnar vegna verið aðili að landssambandi og þar með ekki heldur aðili að Alþýðusambandinu.

Í frumvarpinu kemur fram að $\frac{3}{4}$ allra starfsmanna geti tekið ákvörðun um stofnun vinnustaðafélags og þá nær slíkt væntanlega einnig til deildarstjóra, verkstjóra, tæknimanna og yfirmanna í fyrirtækjum þannig að yfirmenn sem nú standa utan stéttarfélaga innan ASÍ gætu haft afgerandi áhrif um stofnun vinnustaðfélags. Ákvæðið um að vinnustaðafélagið eitt skulu hafa rétt til samningsgerðar tekur samningsréttinn af þeim verkalýðsfélögum sem nú eru starfandi og útilokar þau frá að gera samning við fyrirtækið þó svo að allir félagsmenn í fyrirtækinu séu því fylgjandi.

Núverandi félagsmenn í stéttarfélagi allt að 25 % starfsmanna á vinnustaðnum sem vilja ekki stofna eða gerast aðilar að vinnustaðafélagi verða samkvæmt frumvarpinu að hlíta því að hafa ekkert með samninga gera, hvorki varðandi undirbúning eða áherslur né heldur atkvæðagreiðslu.

Í reynd getur dæmið orðið þannig að enn stærra hlutfall félagsmanna í verkalýðsfélögum útilokist þannig frá ákvarðanatöku um launamál ef þeir sem nú standa utan stéttarfélaganna í ASÍ, stjórnendur og ýmsir tæknimenn, eiga að hafa ákvörðunarrétt um stofnun vinnustaðafélags.

Í því tilviki að félagsmenn sem eru mótfallnir vinnustaðafélagi, gangast undir þá kvöð að fara úr sínu verkalýðsfélagi og gerast aðilar að vinnustaðafélagi til að hafa nokkur áhrif á samninga, þá tapast fjölmörg réttindi sem þeir hafa nú þegar í verkalýðsfélagunum og þeir hafa verið að ávinna sér með aðild að þeim. Þar má nefna réttindi í sjúkrasjóði, orlofshúsaleiga, möguleikinn á eftirmenntun og að hafa áhrif á stefnu landsambanda og heildarsamtaka verkalýðsfélaganna.

Með stofnun vinnustaðafélaga er verið að fjölga stéttarfélögum, brjóta upp starfsgreinaskipulag verkalýðshreyfingarinnar, veikja þau félög sem fyrir eru, útiloka þau frá samningagerð fyrir sína félagsmenn á vinnustaðnum og gera þeim sem næst ókleift að vinna að atvinnu- og menntunarmálum í viðkomandi starfsgreinum. Þá ber að hafa í huga að eitt og sama fyrirtækið getur verið með marga vinnustaði víðs vegar um landið og einnig erlendis. Þá hlýtur að vakna spurning um hvort spyrða eigi saman í eitt félag alla sem vinna hjá fyrirtækinu, innan lands sem utan eða að vinnustaðafélagið eigi eingöngu að ná til þess vinnustaðar í fyrirtækinu sem nær 250 starfsmönnum.

Gagnvart Félagi járníðnaðarmanna gæti dæmið litið þannig út að ef verkamenn hjá Ísal, skrifstofufólk, tækni- og yfirmenn sem nú eru utan verkalýðsfélaga innan ASÍ ákveða að stofna þar vinnustaðafélag en allir járníðnaðarmenn væru andvígir því, þá kæmi slíkt samt til framkvæmda og um 80 félagsmenn þurfa að gera upp við sig hvort þeir væru áfram í Félagi járníðnaðarmanna eða í vinnustaðafélaginu. Auk þess kemur til álita í hvaða félagi þeir menn eiga að vera sem t.d. koma tímabundið til starfa á vinnustað þar sem vinnustaðafélag er.

Það kemur ekki fram í frumvarpinu, að sams konar fyrirkomulag skuli gilda innan viðkomandi fyrirtækis, þ.e. að þau skuli hafa sjálfstæðan rétt til samninga en eins og nú háttar málum eru fyrirtæki innan Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins bundin af þeirri reglu að samböndin hafa samningsréttinn fyrir hönd fyrirtækjanna.

Í greinagerð með frumvarpinu eru helstu röksemdir með “vinnustaðafyrirkomulagi”: virkara lýðræði, dregið úr umboðsvanda, launajöfnun, vinnufriður, aukin framleiðni, sveigjanleiki í samningum o.fl. Hér virðist ruglað saman ýmsum kostum þess að gera vinnustaðasamninga og stofnun vinnustaðafélaga sem er allt annað mál.

Vinnustaðasamningar, eða sameiginlegir samningar verkalyðsfélaga fyrir viðkomandi starfsgreinar við atvinnurekanda hafa lengi tíðkast.

Hjá Ísal hefur slíkt fyrirkomulag í reynd verið í gildi frá 1969 og eru nú í föstu umsömdu formi milli stéttarfélaganna ásamt því að vera hluti af kjarasamningi.

Félag járníðnaðarmanna mælir eindregið gegn þeirri breytingu á lögnum sem felur í sér ákvæði um stofnun vinnustaðafélags og sérheimild þess til að gera kjarasamning.

2. grein

Félag járníðnaðarmanna gerir ekki athugasemdir við fyrri hluta 1.mgr. 2. gr. þess efnis að samninganefnd hafi umboð til að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í viðræðum eða undirrita samning enda sé undirritun með fyrirvara um meðferð samkvæmt reglum viðkomandi stéttarfélags. Slík verkefni felst í samningagerð og þannig hefur verið haldið á í stéttarfélögum og þess vegna er greinin óþörf.

Félag járníðnaðarmanna mælir hins vegar gegn því að samninganefnd félags sé heimilað með lögum að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningagerðar, þ.m.t. að undirrita samninga f.h. viðkomandi félags. Slíkt afsal samningsumboðs, án heimildar félagsfundar eða að minnsta kosti trúnaðarmannaráðs viðkomandi félags er ekki í átt að auknu lýðræði innan verkalyðsfélaga eins og þó er látið í skína að sé megin tilgangur frumvarpsins. Samninganefndir félaga eiga að sækja umboð sitt til félagsmanna og hafa við þá náð samráð meðan á samningum stendur og það er því eðlilegt að eins sé farið með framsal samningsumboðs.

Félagið mælir einnig gegn því að samninganefnd, hvort sem átt er við samninganefnd félags eða samninganefnd sem fengið hefur umboð frá samninganefnd félags sbr. 1. mgr., sé heimilað að láta atkvæðagreiðslu ná til fleiri félaga og þannig talið upp úr einum potti. Með þessu ákvæði er verið að færa það ákvörðunarvald sem nú er í félögunum á fámennan hóp fulltrúa án þess að þeir sæki umboð í svo veiga miklu máli til félagsmanna sem þeir starfa fyrir. Slíkt fyrirkomulag brýtur í bága við þá lýðræðishefð sem ríkt hefur í verkalyðsfélögunum þar um að félagsfundir taki ákvörðun um hve viðtækt umboð samninganefndar er. Eins og málum er nú fyrir komið gildir sú regla að samninganefnd viðkomandi félags hefur umboð til að gera samninga og undirrita þá með fyrirvara um samþykki viðkomandi félags. Víðtækara umboð þarf að sækja til félagsmanna og eðlilegt að sú lýðræðisregla sé áfram viðhöfð í stað þess að afnema hana með lögum.

Félagið mælir gegn því að lögbundið sé að samningur gildi frá undirskriftadegi. Eðlilegra er, ef um lögbindingu á gildistíma samnings er að ræða, að hann gildi frá þeim degi sem samningur rennur út m.a. til að taka af öll tvímæli um hver staða samnings sé þegar gildistíma er lokið. Afstaða félagsins er að semja beri um frá hvaða tíma samningur gildi og að óskynsamlegt sé að festa í lögum gildistíma m.a. vegna þess að sum atriði kjarasamnings geta verið með þeim hætti að þau taka gildi á mismunandi tíma.

Lagaákvæðið um að einn fimmti félagsmanna þurfi að greiða atkvæði um kjarasamning í leynilegri atkvæðagreiðslu svo hægt sé að fella samning með meirihluta atkvæða virðist aðeins eiga að gilda um félagsmenn í stéttarfélögum. Hvergi kemur fram að ákvæðið hlutfall eigenda fyrirtækja, t.d. hluthafa, þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslu til að samþykkja eða fella kjarasamning.

Reyndar er hvergi í frumvarpinu eða greinargerð minnst á rétt eða skyldu þeirra sem eru aðilar, hluthafar, í fyrirtækjum til að taka ákvörðun á einhverju stigi samningagerðar.

Innan verkalýðsfélaga, eins og í öðrum lýðræðislegum félögum, eru lagaákvæði um hvernig með skuli fara við afgangi mála. Félagsmenn taka sjáfir ákvörðun um hvort þeir neyta atkvæðisréttar eða ekki. Félagssfundir fjalla almennt um kjarasamninga, þar er oftast á sama fundi farið yfir efni kjarasamnings og atkvæði greidd um samninginn. Með því að skilyrða höfnun á kjarasamningi við meiri hluta fimmtings félagsmanna er verið að brjóta þá megin reglu að meirihluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu ráði niðurstöðu.

Félag járníðnaðarmanna telur engar forsendur til að afnema lýðræðislegar reglur verkalýðsfélaga á þann hátt að binda í lögum að hluti þeir sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamning hljóti að vera samþykkir samningi.

Varðandi það ákvæði að heimilt sé að ákveða í kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir sem samningurinn nær til vill félagið benda á að eðlilegt er að stéttarfélögin annars vegar og fyrirtækin hins vegar setji sér sjálf slíkar reglur þar sem það á við. Í mörgum tilvikum gildir þessi regla en hún er og getur ekki verið einhlít m.a. vegna þess að sömu félagsmenn geta verið að vinna eftir mismunandi kjarasamningi á sama árinu.

Varðandi regluna um að meirihluti þriðjungs félagsmanna þurfi að greiða atkvæði gegn samningi vísast til þess sem áður er sagt um lýðræðislegt val.

4. gr. Með þessari grein er skilyrt að því aðeins sé hægt að boða vinnustöðvun (verkfall, samúðarverkfall eða verkþann) að fram hafi farið almenn leynileg atkvæðagreiðsla með þátttöku fimmtings atkvæðisbærra og að tillaga um vinnustöðvun hafi meiri hluta greiddra atkvæða.

Ef vinnustöðvun á að ná til ákveðins hóps félagsmanna er heimilt, en ekki skylt, að láta atkvæðagreiðsluna ná til þess hóps en þá þarf helmingur hópsins að taka þátt í atkvæðagreiðslu svo hægt sé að samþykkja vinnustöðvun með meirihluta atkvæða.

Nú er það svo að verkalýðsfélög þurfa að semja við marga vinnuveitendur. Auk VSI og Vinnuálagssambandsins eru samningar við einstök fyrirtæki, bæjarfélög og ríkið. Í flestum tilvikum hafa vinnustöðvanir verið boðaðar gagnvart hluta félagsmanna þ.e. vegna tiltekins samnings og þá eftir fundarsamþykkt í viðkomandi hóp sem oftast en ekki hefur falið trúnaðarmannaráði félagsins að ákveða nánar með dagsetningu.

Samkvæmt frumvarpinu þarf að fara fram almenn leynileg atkvæðagreiðsla sem nær til allra félagsmanna um boðun verkfalls gagnvart öllum samningum á sama tiltekna tímanum og þá eftir skilyrðum um fimmtings þátttöku eða skipta atkvæðagreiðslu eftir fjölda samninga þar sem atkvæðapátttaka þarf að vera helmingur þeirra sem vinna samkvæmt samningnum.

Ljóst er að reglurnar í frumvarpinu eru miklu frekar til þess fallnar að farin verði leið einnar atkvæðagreiðslu um boðun alsherjarvinnustöðvunar og því líklegar til að fjölga verkfallsdögum.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði sem taka af skarið um að þeir sem eru félagar í hlutafélögum um fyrirtæki sem samningar þurfa að ná til skuli hlýta sömu reglum og félagsmenn í verkalýðsfélögum.

Þá er það einnig gert að skilyrði fyrir lögmætri verkfallsboðun að viðræðutilraunir fyrir milligöngu sáttasemjara hafi reynst árangurslausar.

Hvað teljast í þessu efni árangurslausar viðræður? Þýðir það að samningar hafa ekki náðst? Ef svo er þá er ákvæðið óþarft. Eða ber að skilja ákvæðið þannig að ef annar samningsaðili eða sáttasemjari telur að nokkuð hafi miðað í samningsátt að þá geti boðað verkfall verið ólöglegt? Með slíku ákvæði er verið að skapa óvissu um lögmæti vinnustöðvunar og ljóst að dómstólar fengju mörg slík mál til meðferðar.

Kveðið er á um heimild samninganefndar til að fresta vinnustöðvun í allt að 14 sólarhringa og enn frekari frestun vinnustöðvunar ef gagnaðili samþykkir. Ekki verður annað skilið af frumvarpinu en að þessi heimild til frestunar verkfalls gildi fyrir samninganefnd sem fengið hefur umboð frá samninganefnd verkalýðsfélags sbr. 2. gr. frumvarpsins. Hér ber allt að sama brunni. Lýðræðislega ákvörðun um vinnustöðvun sem tekin er í verkalýðsfélagi er hægt að hunsa af fulltrúum í öðrum stéttarfélögum og að hluta til með samþykki gagnaðila.

Félag járníðnaðarmanna telur þær breytingar á lögunum sem felast í 4. gr. frumvarpsins vera skerðingu á lýðræðislegum réttindum og ákvörðunarvaldi verkalýðsfélaga, skapa óvissu um lögmæti vinnustöðvunar og hættu á fjölgun verkfallisdaga auk þess sem allt aðrar reglur eiga að gilda um félagsmenn í verkalýðsfélögum en þá sem eru hluthafar, þ.e. félagsmenn í fyrirtækjum.

Varðandi kaflann **Um sáttastörf í vinnudeilum** er það skoðun félagsins að ekki sé ástæða til að blanda þeim lögum saman við lög nr. 80/1938.


Þær breytingar sem gerðar eru á lögunum um sáttarstörf í vinnudeilum eru fæstar til bóta. Það eina sem félagið sér sem skynsamlega breytingu er að sáttasemjari fái viðræðuáætlun samningsaðila t.d. 6 vikum áður en samningar renna út og að sáttasemjari geti sett á viðræðuáætlun þegar frestur er útrunninn.

Að öðru leiti eru felur frumvarpið í sér takmörkun á rétti verkalýðsfélaga og félagsmanna í hverju félagi til að taka sjálfstæða afstöðu til sinna samninga. Með því að fela sáttasemjaraembættinu eins konar yfirábyrgð á því að allir "semji" er dregið úr ábyrgð samningsaðila til að ljúka samningi. Slíkt skapar hættu á að samningavinna verði meira að nafninu til.

Félag járníðnaðarmanna telur að með frumvarpinu sé engan hátt verið að auka lýðræði í stéttarfélögum eða fyrirtækjum við samningagerð, né heldur að ná því markmiði að skapa góðar samskiptareglur á vinnumarkaði.

Félagið mælist eindregið til þess að frumvarpið verði tekið af dagskrá og heildarsamtök samningsaðila fái sjálf að setja sér þær reglur sem þeir telja til bóta.

F.h. Félags járníðnaðarmanna


Örn Friðriksson, formaður

Hjálagt er ályktun félagsfundar um málið sem haldinn var 11. apríl s.l.



Ályktun um frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfni

Fundur í Félaga járníðnaðarmanna 11. apríl /96 mótmælir harðlega fram komnu frumvarpi um breytingar á vinnulöggjöfni.

Í frumvarpinu felst alvarleg íhlutun í málefni stéttarféлага og árás á uppbyggingu þeirra eftir starfsgreinum og svæðum og takmörkun á samningsrétti þar sem “vinnustaðafélög” fá einkarétt til samninga.

Í frumvarpinu felst einnig afskræming á lýðræðislegum ákvörðunarrétti þar sem minni hluti greiddra atkvæða getur ráðið úrslitum og að félög úr öðrum starfsgreinum geta ráði niðurstöðu í atkvæðagreiðslu um kjarasamning. Fundurinn skorar á Alþingi að taka málið af dagskrá.